

að loka fyrir vatnsrennsli til þeirra, sem vanrækja að gera við bilanir á 170 vatnsæðum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki vatnsskatt á 27. nóv. réttum gjalddögum.

Engum er heimilt að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar án leyfis slökkviliðsstjóra. Sérstakt leyfi bæjarráðs þarf til að setja vatnshreyfivélar í samband við vatnsæðarnar.

#### 5. gr.

Vatnsskattur samkvæmt reglugerð þessari fellur í gjalddaga 1. júní ár hvert og ber að greiða skattinn til bæjargjaldkera.

Þar sem aukavatnsskattur er ákveðinn samkvæmt mælingu, sbr. 2. gr., er heimilt að innheimta skattinn á fjórum gjalddögum í lok hvers ársfjórðungs.

Vatnsskatt má taka lögtaki og er hann tryggður með lögveði í eigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

#### 6. gr.

Heimilt er bæjarstjórn, án staðfestingar ráðuneytisins, að hækka eða lækka gjöld samkvæmt reglugerð þessari um allt að 50%, hvort heldur er einstaka liði eða gjöldin í heild.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Neskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felldar reglugerð fyrir vatnsveitu Neskaupstaðar, nr. 66 22. júní 1937 með síðari breytingum og gjaldskrá fyrir vatnsveitu Neskaupstaðar, nr. 90 22. apríl 1952.

*Félagsmálaráðuneytið, 27. nóvember 1958.*

**Hannibal Valdimarsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## REGLUGERÐ

### um fasteignaskatt í Kópavogskaupstað.

171

27. nóv.

#### 1. gr.

Til bæjarsjóðs Kópavogskaupstaðar skal greiða fasteignaskatt af öllum fasteignum innan kaupstaðarins eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.

#### 2. gr.

Árlega skal greiða fasteignaskatt:

- |   |      |
|---|------|
| 1. Af byggingarlóðum, byggðum og óbyggðum .....                       | 2%   |
| 2. — húseignum og öðrum mannvirkjum .....                             | 1%   |
| 3. — túnum, görðum, reitum, erfðafestulöndum og öðrum lóðum og lendum | 0.5% |

#### 3. gr.

Undanþegnar skatti er þær fasteignir, sem um ræðir í 4. gr. laga nr. 67 frá 1945. Verði ágreiningur um skattskyldu fasteignar, sker ráðherra úr, en heimilt er að skjóta málinu til dómstólanna.

171

27. nóv.

Fasteignaskatt skal reikna af heilum hundruðum fasteignamatsverðs, en brotum úr hundruðum skal sleppa, og nái virðingin ekki kr. 300.00 greiðist enginn skattur.

4. gr.

5. gr.

Eigandi fasteignar greiði skattinn, nema um leigulóðir, leigujarðir eða önnur sammingsbundin jarðarafnot sé að ræða, þá greiði ábúandi eða leigjandi skattinn.

6. gr.

Gjalddagi fasteignaskatts er 2. janúar ár hvert. Skattinn ber að greiða til bæjar-  
gjaldkera. Af fasteignaskatti, sem eigi er greiddur að fullu innan tveggja mánaða eftir gjalddaga, skal greiða sömu dráttarvexti og greiddir eru af útsvörum.

7. gr.

Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal ásamt dráttarvöxtum í 2 ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, er á eigninni hvíla. Ef hús brennur eftir að skattur er fallinn í gjalddaga, er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins.

8. gr.

Fasteignaskatt og dráttarvexti má taka lögtaki.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar hefur samið og samþykkt samkv. lögum nr. 67 12. apríl 1945, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um fasteignaskatt í Kópavogskaupstað, nr. 148 10. október 1956.

*Félagsmálaráðuneytið, 27. nóvember 1958.*

**Hannibal Valdimarsson.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*

172

27. nóv.

## REGLUGERÐ

### um holræsi í Neskaupstað.

1. gr.

Þegar bærinn hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði, er þeim húseigendum, sem þar eiga hús að eða í námunda við og í holræsið geta náð, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skolp frá því út í aðalræsið ásamt rigningarvatni, ef hægt er að koma því við. Vanræki einhver að láta gera holræsi innan hæfilegs frests, sem bæjarráð setur, getur það látið vinna verkið á kostnað húseiganda.

2. gr.

Öll framkvæmdastörf, sem holræsakerfi bæjarins varða, svo sem viðhald, endurbætur og umsjón alla, annast bæjarstjóri eftir fyrirmælum bæjarráðs, nema sérstökum manni verði falið að annast þessi störf. Bæjarstjóri annast og reikningshald og fjárreiður holræsagerðarinnar.